



Héraðsskjalasafn Kópavogs

Digranesvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 544 4710

Umsögn til bæjarráðs Kópavogs um beiðni um að Kópavogsbær gefi út og láti prenta ritið Nafnfræði Kópavogsbæjar eftir Guðlaug R. Guðmundsson skv. bókun á fundi bæjarráðs 27. mars 2014 (24. liður nr. 1403642)

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur farið yfir málið, fengið til kynningar kafla ritsins um Kópavogsjörðina og Lækjarbotna og fengið Guðlaug R. Guðmundsson á sinn fund.

Niðurstaða stjórnar er að með útgáfu ritsins yrði mikið unnið fyrir sögu og menningu Kópavogs, ritið inniheldur yfirgripsmikinn fróðleik um svæðið, bæði landfræðilegan og sögulegan. Örnefni ganga eins og rauður þráður í sögu Kópavogs og marka sögusvið og staðhætti í landi og umhverfi Kópavogsbúa. Færi því vel á því að ritið kæmi út á 60 ára kaupstaðarafmæli Kópavogsbæjar.

Við vinnu sína við ritið hefur Guðlaugur nýtt þá þekkingu sem hann hefur aflað sér að höfuðborgarsvæðinu og Kópavogi sérstaklega allar götur síðan 1965 þegar þáverandi bæjarstjóri Hjálmar Ólafsson fól honum að safna örnefnum í bæjarlandinu. Guðlaugur hefur ennfremur átt veigamikinn þátt í ritum um svæðið og nágrenni þess, t.d. ritunum Reykjavík, sögustaður við Sund, Sögu Kópavogs sem Lionsklúbbur Kópavogs gaf út og einnig í riti hans Örnefni og leiðir landi Garðabæjar. Þess ber og að gæta að Guðlaugur hefur verið óþreyttur að leita til þeirra sem gerst þekkja á hverju svæði fyrir sig innan bæjarmarka Kópavogs og því inniheldur ritið þekkingu sem ómögulegt er að nálgast annarsstaðar. Einnig hefur hann leitað í skjalaforðann eftir upplýsingum sem ekki liggja á lausu annarstaðar.

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs telur mikilvægt að skjalasafnið eigi áfram að komu að ritinu vegna hlutverks þess eins og það er skilgreint í reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs mælir með því að erindi Guðlaugs R. Guðmundssonar til bæjarráðs dags. 17. mars 2014 verði samþykkt.

Kópavogi, 22. apríl 2014

*Eirik Ólafsson
Héraðsskjalasafn Kópavogs*